

REGLUR

um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða málsmeðferðarreglur vegna stofnunar félags með sérstakan tilgang, fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda og form og sniðmát fyrir gögn.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

2. gr.

Starfsleyfi félags með sérstakan tilgang.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi getur félag með sérstakan tilgang starfað hér á landi að fengnu starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins enda uppfylli slíkt félag skilyrði í reglugerð sem ráðherra setur. Reglur þessar eru settar til að innleiða tæknilega framkvæmdarstaðla Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar um meðferð máls þegar starfsleyfi er veitt fyrir félag með sérstakan tilgang, um form og sniðmát fyrir gögn sem slík félög eiga að skila og um samstarf og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/462 frá 19. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur við samþykki eftirlitsyfirvalda um að stofna félög með sérstakan tilgang, fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda að því er varðar félög með sérstakan tilgang, sem og form og sniðmát fyrir gögn sem félög með sérstakan tilgang eiga að skila í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/462 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31. frá 9. maí 2018, bls. 1-19.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. og 3. mgr. 19. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 19. nóvember 2018.

Unnur Gunnarsdóttir.

Anna Mjöll Karlsdóttir.